Óreigar og kúgaðar þjóðir heims sameinist!

# Stéttabaráttan




Ert þú áskrifandi að viku-blaði verkafólks?

Málgagn Kommúnistaflokks Íslands/Marxista-Lenínista

44. tölublað Þriðjudagur 21. nóvember 1978 7. árgangur verð kr. 100.-

# Öryggi á vinnustöðum er ábótavant



Öryggi manna við uppskipun er ábótavant

Um þessar mundir er dembt yfir þjóðina heilmiklum áróðri þess efni að auka þurfi öryggið í umferðinni. Því skal ekki móti mælt að slys eru alltof tíð í umferðinni og er því herferðin allra góðra gjalda verð. En það er ekki eingöngu í umferðinni þar sem tíð eru slys af völdum lagabrota og skorts á öryggi sem valda alvarlegum meiðslum, örkumlun og jafnvel dauða. Hér er átt við svökölluð "vinnuslys" þ.e slys sem verkafólk verður fyrir við vinnu sína. Nú er það svo að þessi tegund slysa hefur færst mjög í vöxt á undanförnum árum. Það er því ekki vanþörf á að tekið sé á öryggismálum á vinnustaðnum, þar sem verkafólk dvelur 1/3 hluta sólarhringsins og oft lengur, af jafn miklum áhuga og öryggismálum í umferðinni. En hvað kemur til að opinberir hafa ekki látið til sín taka á þessu sviði lagabrota svo orð sé á gerandi. Hafa atvinnurekendur, sem almennt líta miklar úrbætur í öryggismálum á vinnustöðunum hornauga vegna beins og óbeins kostnaðar sem þeir telja því samfara, svo mikil tök á ríkisbákninu að það þorir ekki að hafa slíkt í hámælum. Þetta er einmitt höfuðátæða þess að verkafólk getur ekki sett traust sitt á öryggiseftirlit ríkisins ef það ætlar sér að færa öryggismál á sínum vinnustað í viðunandi horf. En hvað er þá til ráða? Í raun hefur verkafólk svarað þessari spurningu sjálft því reynslan hefur sýnt að verkafólk hefur farið þá leið með góðum árangri að kljást við atvinnurekandann upp á eigin spýtur og oft í andstöðu við eða án aðstoðar viðkomandi verkalýðsfélags. Þetta hefur iðulega gerst þannig að verkafólk á ákveðnum vinnustað hefur tekið sig saman og krafist úrbóta án tafar og jafnvel gert setuverkfall eða aðrar aðgerðir sem verða til að neyða atvinnuveitandann að fara að lögum og gera úrbætur Þetta er sú leið sem er tvímælalaust áhrifaríkust og er í öllum grundvallaratriðum nothæf fyrir verkafólk á hvaða vinnustað sem vera skal til að gera stórátak á sviði öryggismála vinnustaðanna. Aðeins með samstöðu verkafólksins sjálfs getur það vænst árángurs. Það er auðvitað reginhneyksli að verkalýðshreyfingin hafi ekki undantekningalaust bæði ýtt undir og stutt að verkafólk myndi með sér slíka samstöðu, því samstaða verkafólks á að vera aðalsmerki verkalýðshreyfingarinnar. En vanræksla verkalýðshreyfingarinnar á þessu sviði kjaramála gengur þvert á allt velsæmi. Þetta lýsir sér .m.a. í því að skipulag verkalýðshreyfingarinnar inn á vinnustaðina er í molum. Annað er það að verkalýðshreyfingin gerir sér ekki far um að kynna verkafólki réttindi þess hvað varðar öryggi á vinnustað þess: Jafnvel í félagsskírteini því sem ASÍ gefur út til aðildarfélaga sinna (ætlað sérhverjum einstaklingi í ASÍ) er

framhald á síðu 3



Víetnamskur skriðdreki, framleiddur í Sovétríkjunum, sem hermenn kampucheanska byltingarhersins eyðilögðu í mars s.l. í Kampucheu.

# Víetnamar beita eiturgasi gegn Kampuchea

Víetnamar hafa tekið eiturgas í notkun í árásum sínum á alþýðulýðveldið Kampuchea. Utanríkisráðaneytið í Kampuchea gerði þessi tíðindi kunn þann 7. nóvember s.l.

Þar er sagt að í fjórum tilfellum, 28 og 29 okt. og 1og 2 nóv. sl. hafi víetnamar skotið 105 mm sprengjum sem innihalda eiturgas. Þetta átti sér stað við O Yadao í Ratanakinihéraði í norð austur kampuchea.

Í yfirlýsingu utanríkisráðuneytisins er bent á að vietnömsku árásarseggjunum hafi sífellt gengið verr og verr í hernaði sínum og því gripið villimannslegri aðferðir í örvæntingarfullri baráttu sinni Ennfremur segir í yfirlýsingunni" Þann 28 og 29 október og 1. og 2.óvember skutu víetnömsku óvinirnir 105 mm sprengjum sem innihéldu eitur gas. Þetta gerðist á vígstöðvunum við O Yadao í norðaustur Kampucheu".

Síðan heldur áfram:"Notkun víetnama á eiturgasi sýnir að víetnamski óvinurinn, ásamt útþenslusinnuðum herrum þeirra í Sovétríkjunum, er að tapa stríðinu og er á blindgötu í árás sinni á Kampuchea"

framhald á síðu 3

# Kauplækkun 1.desember.

Nú er það komið á daginn að ríkisstjórnin ætlar að lækka kaupið 1. desember. Það er nú einungis spurningin um það hve mikil kjaraskerðingin verður.

Skollaleikurinn sem leikinn hefur verið kringum þessar aðgerðir er lærdómsríkur. Flokkarnir sem nú svíkja samningana fordæmdu samskonar aðgerðir í mars sl. Nú er fólk hinsvegar talin trú um að nú sé um að ræða "allt öðruvísi" kjaraskerðingu en í vor. Munurinn er hinsvegar sá einn að nú standa aðrir flokkar að kjaraskerðingunni en í vor.

Allir borgaralegu flokkarnir, allir verkalýðsforingjar þeirra og að sjálfsögðu atvinnurekendur eru sammála um að fyrirhuguð kauphækkun sé vandamál. Þeir vilja allir draga úr henni. Munurinn er bara sá að þeir vilja láta hana minnka mismikið og á mismunandi hátt.

Þessi söngur kemur ekki á óvart þegar atvinnurekendur syngja hann. Það kynni hinsvegar að koma einhverjum á óvart að heyra Alþýðubandalagið og forystumenn verkalýðsfélaganna taka undir.

En þetta er einmitt mikilvægasti lærdómurinn af því sem nú er að gerast. Hinir sk. verkalýðsflokkar, Alþýðubandalag og Alþýðuflokkar, eru engu minni kauprænsflokkar en hinir. Þeir fara aðeins öðruvísi að. Þeir beita fyrir sig "verkalýðsforingjum" sem taka við fyrirskipunum beint frá miðstjórnarfundum þessara flokka. Þessir verkalýðsforingjar standa í veginum fyrir baráttunni.

framhald á síðu 2



Frá síldarsöltun á Höfn í Hornafirði.

LEIÐARI

# „Efnahagsvandinn" 1. desember

Nú er ljóst að ríkisstjórnin ætlar ekki að bæta þær kjaraskerðingar sem orðið hafa. Vísitöluhækkanirnar 1 desember verða stórlega skertar. Í stað fyrirhugaðrar 14% hækkunar skv. vísitölugrundvellinum fáum við 6-7%. Afganginn síðar í fögrum fyrirheitum um félagslegar úrbætur í ófyrirsjáanlegri framtíð. Og hverjir eru nú kaupránsflokkar ?? Þessar ráðstafanir eru framhald af kjararánsherferð fyrri ríkisstjórnar.

Það er ekki úr vegi að rifja upp loforð hinna svokölluðu verkalýðsflokka frá því fyrir síðustu kosningar Þá lofuðu þeir að setja samningana í gildi, óskertri vísitölu auk þeirra félagslegu úrbóta sem nú eiga að vera sárabót fyrir svikin. Allir sjá hvernig fór með þessi loforð. Rikisstjórnin ætlar ekki aðeins að skerða hækkanirnar 1. desember, hún er líka að hugsa um að fikta svolítið við vísitölugrundvöllinn. Það er; að taka úr honum flesta liði sem gætu hækkað vísitöluna.

Í ljósi þessara staðreynda hljóta allir að sjá hvernig það fer með fyrirheitin fögru. Það fer eins og svo oft áður þegar þau hafa verið borin fyrir okkur. Þo að þessar kjaraskerðingar séu framhald af kjararáni síðustu ríkisstjórnar, þá er greinilegur munur á aðstæðunum. Verkalýðsflokkarnir svokölluðu eru nefnilega baktryggðir innan verkalýðshreyfingarinnar. Verkalýðsforystan dansar að stórum hluta eftir þeirra nótum. Þegar "verkalýðsflokkarnir" eru í stjórnarandstöðu þá er verkalýðsforystan ákaflega hörð gagnvart ríkisstjórninni. En þegar þessir flokkar eru í stjórn og beita nákvæmlega sömu aðferðum og þeir gagnrýna hvað harðast hjá andstæðingum sínum, þá réttlæta málpípur þeirra innan verkalýðshreyfingarinnar þær jafn-sannfærðir og þeir fordæmdu þær áður.

Í þessu máli er algerlega troðið á vilja verkafólks, sem birtist í alþingiskosningunum. Hinir svokölluðu verkalýðsflokkar hafa nú þegar afhjúpað sig, þeir ætluðu sér aldrei að bæta kjörin, valdastólarnir var það eina sem þeir sóttust eftir.

Það er því morgunljóst að verkalýðsforystan er andstæðingur verkafolks og gegn henni verður að snúast og afhjúpa svik hennar.

Vandamálið sem ríkistjórnin á við að etja nú, er ekki hinn mikli efnahagsvandi þjóðarbúsins, hann leysir hún eins og forveri hennar með því að láta almenning axla byrðarnar.. Nei vandi hennar er sá. hvernig hægt er að gera þetta á sem átakaminnstan hátt. Það er hvernig hægt er að varpa byrðunum, yfir á verkafólk án þess að mikil óánægja skapist. Í þeim vanda treysta verkalýðsflokkarnir á vini sína í verkalýðsforystunni. Og þeir munu ekki bregðast kallinu frekar en fyrri daginn.

# Opið bréf frá KFÍ/ML til EIK(m-l)

Kommúnistaflokki Íslandsml hefur borist enn eitt bréf frá EIK(m-l). Hér á eftir fer fyrsti hluti bréfsins, en það er í 9 liðum, sem taka skipulega upp ágreiningsatriði samtakanna og flokksins. Í nokkrum næstu blöðum munum við svara þeim og koma þá nánar inn á ýmis mál sem bryddað er upp á hér.

"EIK(m-l) kröfðust svara við tveggja ára gömlum sameiningargrundvelli sínum frá "Kommúnistaflokki Íslands/ML" í haust. til viðbótar var staðfest að "KFÍ/ML" þyrfti að samþykkja ályktun EIK(ml) um alþjóðamál frá haustinu 1977 og gera að fullu upp við stefnu forvera síns (KSML 1972-1976) ásamt meginvillum "KFÍ/ML" til þess að samtökin væru til viðræðu um sameiningu.

Með bréfi ykkar frá 30. sept. sl. svarið þið í sumum atriðum plöggum þessum, en vottur af sjálfsgagnrýni eða uppgjöri við "vinstri" fals-og gagnbyltingarstefnu KSML finnst ekki í bréfinu. Svör ykkar sýna líka að þið haldið fast við röng stefnu-og starfsatriði "KFÍ/ML -þau brydda jafnvel upp á nýjum Svörin sýna loks að ykkur er engin alvara með núverandi jákvæð stefnu og starfsatriði og þið greinið ekki milli marxlenínismans/kenninga Maó Tse tungs og svo fölsunar á vísindum verkalýðsstéttarinnar.

Ef þið nú segist standa fyrir stefnu sem er í meginatriðum 100% andstæð fyrri stefnu KSML, er þá nokkuð einfaldara en að kasta fortíðinni á hauganа?

Hvers virði eru yfirlýsingar og stefnubreytinagar ykkar annars?

Án rétts mats á sögu samtaka ykkar eru svörin mjög rýrt framlag til sameiningar.

"KFÍ/ML" er ekki einasta blindur á fortíðina, heldur ófær um að meta stöðu sína nú og draga ályktanir þar af. Starf ykkar er nú lítið og ófrjósamt það morar í þversögnum einkennist oftast af samstöðu með hentistefnu- og endurskoðunarsinnum, af sífelldum samdrætti og æfintýramennsku. Sjáið þið virkilega ekki hvert stefnir?"

Svo mörg voru þau orð. EIK (m-l) heldur sig fast við þá afstöðu sína að sameiningarviðræður geti aðeins farið fram á þeirra grundvelli. KFÍ/ML hefur svarað þeim grundvelli og sýnt fram á galla hans

Sameiningargrundvöllur EIK (m-l) er saminn af samtökum með litla reynslu að baki og ber þess glögg merki. Að halda fast við hann er ekkert annað en kreddufesta. Það segir sig sjálft að í baráttunni hljóta EIK(m-l) ekki síður en KFÍ/ML að hafa bætt við sig reynslu og þekkingu, sem hlýtur að liggja til grundvallar starfi og stefnu samtakanna í dag fremur en tveggja ára gamalt plagg. Grundvöllurinn er fullkomlega svara verður og ágætt innlegg í umræðuna, en hann er enginn algildur óumbreytanlegur Stóri-sannleikur. Það væri íslensku byltingarhreyfingunni til mikils gagns ef EIK(m-l) gætu gert sér grein fyrir þróuninni.

Fullyrðingar þær sem EIK(ml) setja fram í þessum hluta bréfsins eru allar órökstuddar Það er eðlilegt, þar sem rökstuðningur gæti reynst erfiður

EIK(m-l) hefur í tvö ár klifað á því að KFÍ/ML eigi að gera upp við fortíð sína. Að okkar áliti þýðir það mat á fortíðinni og lærdóma bæði af röngum og réttum atriðum í henni. Þetta mat hefur farið og fer enn fram ínnan KFÍ/ML. En afstaða EIK(m-l) virðist vera önnur. Þeir spyrja hvort nokkuð sé einfaldara en að "kasta fortíðinni á haugana". KFÍ/ML hefur ekki í hyggju að afneita fortíð sinni. Það sem við köllum uppgjör felst ekki í slíku. Í fortíð okkar er fólgin reynslan sem við ætlum að læra af. Við ætlum heldur ekki að verða við þeirra ódíalektísku kröfu EIK(m-l) að dæma starf okkar og stefnu á umliðnum árum einhliða sem skemmdarverk. Slíkt væri firra.

Mat okkar á forsögunni og þeim villum sem við höfum gert hefur m.a. gert okkur kleyft að skilja einangrunar- og "vinstri"villur EIK(m-l) í dag. Ef við hefðum "kastað fortíðinni á haugana" og gengið undir stefnu EIK(m-l) í einu og öllu, hvar stæðum við þá? Ekki langt frá þeim stað þar sem við byrjuðum. Einhversstaðar í rauðri poka ofurróttækninnar. Því miður virðast EIK(m-l) enn vera að villast. En við vonum að þeim takist að grafa áttavitann upp úr bakpokanum eins og okkur forðum og komast á rétta leið.



...í Stuttu máli

3000 PÓLITÍSKIR FANGAR Á KÚBU.

Nýlega sendi Amnesty International bréf til kúbanskra yfirvalda varðandi pólitíska fanga á Kúbu.

Bréfið fylgdi í kjölfar heimsóknar fulltrúa frá Amnesty til Kúbu. Fulltrúarnir fengu að koma þangað sem einstaklingar.

Amnesty lýsir ánægju sinni með það að nokkur hundruð pólitískir fangar hafi verið látnir lausir úr kúbönskum fangelsum.

Jafnframt bendir Amnesty á að 3000 fangar sitji nú í kúbönskum fangelsum fyrir skoðanir sínar. Þessir fangar eru meðal þeirra pólitískra fanga sem hvað lengst sitja í fangelsum. 15-20 ára fangelsi er ekki óalgengt að sögn Amnesty

framhald af forsíðu

KAUPLÆKKUN 1. DESEMBER

Þessvegna verður baráttan gegn kjaraskerðingunni ekki síður að beinast gegn þeim.

KJARASKERÐINGARTILLÖGUR ALÞÝÐUBANDALAGSINS.

Alþýðubandalagið hefur lagt fram sínar tillögur um það hvernig kjaraskerðingin eigi að vera. Loddarar AB orða þetta svo að um sé að ræða "ráðstafanir til að draga úr kauphækkuninni án kjaraskerðingar". Þeir ætla nefnilega að "gera viðeigandi ráðstafanir" til að bæta kjörin.

Hverjar eru síðan þessar "viðeigandi ráðstafanir"?

Kauphækkunin á skv. þessum tillögum að vera 6-7%. 3.5% eiga að vera niðurgreiðslur (sem launþegar greiða með sköttunum sínum). Síðan "á" að lækka sjúkratryggingargjald og "skatta á lágum tekjum". Þetta á að nema 4%. 2% eiga að koma í formi "almennra félagslegra réttindamála".

Þannig halda loddararnir áfram að telja þar til 14% er náð.

Þetta kostar sitt en því skal náð með skattheimtunni næsta ár. Takið eftir því að í tillögum AB á að lækka skatta en í rökstuðningnum á að hækka skatta.

Auk þess er beinlínis gert ráð fyrir aukinni skattheimtu næsta ár samkvæmt fjárlögum

HVERJIR FÓRNA?

Það er einnig mikið um það talað í tillögum AB að allir eigi að fórna einhverju. Samt finnst manni að lítið fari fyrir fórn atvinnurekendanna.

Þeir eiga áfram að geta rakað saman auði af vinnu launþeganna. Þeirra gróði er ekki skertur. Meðan vextir af almennu útlánsfé eru hækkaðir þá lækka vextir af lánum til atvinnurekandanna. Meðan kaupið lækkar þá hækkar gróði atvinnurekendanna. Þeir fá að velta öllum kostnaðarhækkunum út í verðlagið en síðan eiga launþegar að bera það óbætt.

Slíkt er innihald tillagna AB.




Öreigar og kúgaðar þjóðir heims sameinist!

Stéttabaráttan



VIKUBLAÐ

STÉTTABARÁTTAN - VIKULEGT MÁLGAGN KOMMÚNISTAFLOKKS ÍSLANDS/ML.

Ársáskrift: 3000 kr.
Hálfsárs : 1800 kr.
Ársfjórðungs: 1000 kr.
Baráttuáskr.: 5000 kr.

Lesið og breiðið út blað verkalýðsins - STÉTTABARÁTTUNA.

Vilt þú fylgjast með baráttu verkalýðsstéttarinnar á Íslandi og um alla veröld?

Þá lest þú STÉTTABARÁTTUNA - eina kommúníska vikublaðið á Íslandi.

Vilt þú fylgjast með vexti kommúnísku hreyfingarinnar á Íslandi?

Þá kaupir þú STÉTTABARÁTTUNA - eina kommúníska vikublaðið á Íslandi.



HAFIÐ SAMBAND VIÐ KOMMÚNISTAFLOKK ÍSLANDS M-L

Miðstjórn og ritstjórn Stéttabaráttunnar: sími 27810 og pósthólf 1357 121 R. einnig í Rauðu Stjörnunni bókabúð, Lindargötu 15, opið mánud. - föstud. kl. 16:00 - 18:30.

AKUREYRI
Jón Atli Játvarðsson
Skarðshlíð 30.

KEFLAVÍK
Einar Jónsson
Sólvallagötu 40c.

HAFNARFJÖRÐUR
Fjóla Rögnvaldsdóttir
Reykjavíkurvegi 24.

HELLISSANDUR
Sigfús Almarsson
Hellisbraut 10.

HORNAFJÖRÐUR
Margrét Einarsdóttir
Silfurbraut 2

SVÍÞJÓÐ
Kristján L. Guðlaugsson
Kämnärsvägen 11 N:220
222 46 LUND

# Trotskyistar eða ekki?

Í blaði ykkar 41. tbl. 31. okt. sl. birtist grein sem nefnist "Vörumst kreddur vísum einsýni á bug." Í greininni kemur fram sú afstaða að tveir af þessum frægu sjömenningum séu trotskíistar og undirróðursmenn, einnig stendur orðrétt "Þessa tvo menn verður að draga til ábyrgðar fyrir verk sín. Það er nauðsynleg forsenda sameiningu marx-lenínísku hreyfingarinnar". Í framhaldi áf þessu langar mig að spyrja: Er það afstaða kommúnistaflokksins að þessir menn séu trotskíistar og setur flokkurinn það sem skilyrði fyrir sameiningu að þessir menn séu gerðir brottrækir úr marx-lenínísku hreyfingunni.

Eins og greinin birtist manni í Stettabaráttunni hlýtur maður að álykta að þetta sé afstaða flokkstins því greinin er ekki birt undir nafni eða skammstöfun.

Úr því ég hef komið því í verk að skrifa ykkur langar mig að þakka ykkur fyrir blaðið því það er að mörgu leyti mjög gott. Það sem helst mætti finna því til foráttu er að margar greinarnar eru svo til eingöngu frasar það vantar meiri rökstuðning.

Að lokum ein spurning í viðbót. Hver er afstaða flokksins til 21. ág. hreyfingarinnar, 1. des. hreyfingarinnar og 8. mars hreyfingarinnar?




# Svar ritnefndar

Við þökkum lesenda fyrir bréfið. Varðandi spurninguna um hvort það sé afstaða KFÍ að tveir af sjömenningunum séu trotskíistar. Vill ritnefnd svara því svo: Það er ekki afstaða Kommúnistaflokksins að þessir menn séu trotskíistar. Bréfritar spyr einnig hvort flokkurinn ætli að setja það sem skilyrði fyrir sameiningu að þessir menn verði gerðir brottrækir úr marx-lenínískuhreyfingunn Það er alls ekki neitt markmið í sjálfu sér að krefjast þess, hitt er annað, að þá pólitík sem þessir menn standa fyrir verður að afhjúpa, því hún stendur fyrir sundrungu en ekki sameiningu.

Ritnefndin gerði þau alvarlegu mistök að birta þessa grein ekki undir dálknum Rauð ur vettvangur, þar sem hún átti heima. Þetta er ekki eina dæmið um röng vinnubrögð ritnefndarinnar, því alltof oft hefur það komið fyrir að mismunandi afstaða hefur birst um eitt og sama málið. Ritnefndin gerir sjálfsgagnrýni á þessi vinnubrögð sín og vonar að hún geti komið í veg fyrir slíkt í framtíðinni.

Varðandi spurninguna um hvort flokkurinn styðji 21. ág. hreyfinguna, 1. des. hreyfinguna og 8. mars hreyfinguna, viljum við segja eftirfarandi. Flokkurinn styður allar þessar hreyfingar, vegna þess að grundvöllur þeirra samrýmist stefnu Kommúnistaflokksins. Hinsvegar er margt í starfi þessara samtaka sem flokkurinn er ekki alveg sammála. Um þessar hreyfingar verður fjállað betur í næstu tölublöðum Stéttabaráttunnar. Flokkurinn hefur í ljósi baráttunnar hverju sinni áætlað hvar sé mikilvægast að starfa. Þessu er raðað þannig upp að mikilvægustu atriðin koma að sjálfsögðu fyrst. Því miður hefur flokkurinn ekki krafta til að taka líka þátt í aðgerðum 1. des hreyfingarinnar í miklum mæli en hann styður engu að síður grundvöll hreyfingarinnar.

Við vonum að þetta svar sé fullnægjandi.

Baráttukveðjur,

Ritnefnd.

framhald af forsíðu

VÍETNAMAR BEITA...

Í yfirlýsingunni er bent á að "þjóðir heimsins hafi nú séð skýrar útlínur Hitlersgerfis víetnamska óvinarins og húsbónda hans"-"Íbúar Kampucea og ríkistjórn Kampuchea heitir á þjóðir suðaustur-Asíu og annarsstaðar í heiminum að fordæma þessar villimannslegu árásir víetnama og sovésku heimsvaldasinnanna", segir að lokum í yfirlýsingu utanríkisráðuneytisins.

framhald af baksíðu

BARÁTTUHREYFING 1. DESEMBER

mannavarnir, þá verðum við líka að eiga mótleik við þeim möguleika að íslensk borgarastétt snúist á sveif með innrásarliði framtíðarinnar. En hvað þýða "almannavarnir" annars í munni ríkjandi stéttar Ætli hún flokki ekki fyrirbæri eins og hvítliðasveitir og ríkislögreglu þar með? Við verðum að athuga spurninguna um varnir landsins vel og þá sérstaklega hættuna á því að vopnin snúist í höndum okkar.

Í erindi Ingólfs Jóhannessonar er Jón Sigurðsson gerður að að umtalsefni. Er lesendum þar m.a. ráðlagt að "láta það ekki blekkja okkur þótt borgarastéttin þykist eiga Jón með húð og hári. Tillegg hans í baráttuna var mjög mikilvægt" Það er ekki nema eðlilegt að íslensk borgarastétt vilji gera Jón að sínum manni. Því það var jú hún sem stóð með pálmann í höndunum þegar frelsið var fengið. Það var vísirinn að innlendri borgarastétt sem meðal annarra stóð í framsækinni baráttu gegn nýlenduveldinu. Barátta íslenskrar borgarastéttar var á sínum tíma framsækin og því má ef til vill segja að hennar tillegg hafi verið mikilsvert. En hún hefur líkt og Jón Sigurðsson lokið sögulegu hlutverki sínu í sjálfstæðisbaráttunni og er nú orðin dragbítur á baráttuna. Þennan punkt um hlutverk borgarastéttarinnar í sjálfstæðisbaráttunni vantar í bæklinginn.

framhald af baksíðu

# Sómosastjórnin drottnar

frá skriðdrekum stjórnarhersins. Líkin liggja eins og hráviði á götunum.

Skæruliðarnir náðu einnig á sitt vald borgunum Matagalpa, Masaya, og Chinanlega og héldu þeim með aðstoð þúsunda íbúa þeirra en urðu að hörfa undan stórskotahríð stjórnarhersins.

Sandinista Liberation Front.

Eins og Stéttabaráttan hefur fyrr greint frá tekur Sandinistahreyfingin nafn sitt frá skæruliðaleiðtoganum Cesar Angusto Sandino sem barðist gegn Bandaríkjaher sem sat í Nicaragua á árunum kringum 1930. Sandinistahreyfingin hefur barist gegn Somosastjórninni í tæpa tvo áratugi. Hún klofnaði í þrjá arma snemma á árínu 1976 vegna pólitísks ágreinings. Einn armurinn sá sem nú er sterkastur vildi samfylkingu með þjóðlegu borgarstéttinni og öðrum mögulegum bandamönnum gegn Somosastjórninni og erlendum auðhringjum. Sá armur er þekktur undir nafninu Terzarista og hefur hann staðið að flestum uppreisnunum og stærstu aðgerðunum gegn Somosa síðan 1976 t.d. að töku þjóðarhallarinnar 22. ágúst s.l.

Pólitískir leiðtogar Terzerista eru bræðurnir Daniel og Roberto Ortega, báðir um þrítugt og Victor Manuel Tirato um fertugt. Bræðurnir hafa verið í Sandinistahreyfingunni síðan 1960. Daníel var einn meðal 14 pólitískra fanga sem frelsaðir voru árið 1974 í lausnargjald fyrir þingmenn og ættingja Somosa. Hinum fyrrverandi pólitísku föngum var þá flogið til Kúbu. Þessa vini og vandamenn Somosa tóku sandinistarnir sem gísla þar sem þeir voru að skemmta sér í samkvæmi.

Manuel Tirato er fæddur í Mexikó og kom til Nicaragua ungur og vann við úrsmíði áður en hann fór að vinna fyrir byltinguna.

Sandinistahreyfingin er aðallega byggð upp af ungu fólki aðallega frá 18-30 og leiðtogarnir milli 30 og 40. Hreyfingin er að 70% byggð upp af verkafólki í iðnaði og landbúnaði og smábændum. 25% af millistéttum og 5% af hærri stéttum.

Sá orðrómur komst á í Nicaragua að Eden Pastora eða "commander zero" sem leiddi skæruliðahópinn sem hertók þjóðarhöllina í Nicaragua 22. ágúst s.l. og varð til að frelsa 58 pólitíska fanga, hafi verið skotinn til ólífis í baráttu við þjóðvarðliðið á landamærum Costa Rica. Sú frétt hefur þó ekki fengist staðfest.

Hvað gerist?

Nágrannaríki Nicaragua, Honduras, Costa Rica og Venúsaela eru undir stjórn vinveittra stjórn Somosa. Þessi ríki hafa kvatt Bandaríkin til aðgerða gegn Sandinistahreyfingunni og þau hafa boðið Somosa að senda til hans hernaðarlega aðstoð. Hefur þetta vakið reiði meðal manna bæði hlynnta byltingarmönnum og hlutlausra. Í Panama hafa um 1500 sjálboðaliðar látið skrá sig og ætla þeir til liðs við Sandinistahreyfinguna ef Somosa þiggur aðstoð erlendra hermanna.

Bankar flytja nú öðfluga fjármagn sitt út úr Nicaragua og Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn (IMF-Stéttabaráttan hefur áður skýrt frá heimsvaldasinnuðu eðli hans) hefur ekki gert upp við sig hvort hann á að lána Somosastjórninni meira fjármagn,

Víst er að ef Sandinistahreyfingin bíður ósigur í Nicaragua þýðir það fjöldamorð og fjölda fangelsanir á uppreisnarmönnum og áframhaldandi örbirgð fjöldans í landinu. Eina von nicaraguönsku þjóðarinnar er að byltingin heppnist og að viðtakandi valdhafar verði færir um að sigrast á þeim erfiðleikum sem núverandi valdhafar hafa skapað.



Somosa

framhald af forsíðu

# Öryggi á vinnustöðum er ábótavant

engin kafli sem fjallar um öryggismál á vinnustað eða réttindi verkafólks þar um. Hinsvegar er þar kafli um sjúkrasjóð. Það er því ekki vanþörf á að minna ASÍ á að "of seint er að byrgja brunninn þegar barnið er dottið ofan í." Það má t.d. minna ASÍ á að það er til lagaleg heimild fyrir því að kjósa sérstakann trúnaðarmann öryggismála á vinnustöðum sem hafa fimm eða fleiri fasta starfsmenn. Þetta er 4. gr. laga um öryggis ráðstafanir á vinnustöðum nr. 23/1952. Það er kannski einkennandi fyrir ótrúlegt skeytingarleysi ASÍ um þessi réttindi þeirra með þeirri afleiðingu að þau eru almennt ekki nýtt. Sú röksemd ef framkæmi að trúnaðarmenn verkalýðsfélaganna komi í stað sérstaka öryggistrúnaðarmanna syndi ennfrekar áhugaleysi verkalýðsforystunnar á að hvetja verkafólk til árvekni á sviði öryggismála. Öryggistrúnaðarmenn eru nefnilega hugsaðir sem fulltrúar verkafólksins á sérhverjum vinnustað gagnvart atvinnurekanda og öryggiseftirliti ríkisins. Það mætti jafnvel halda að verkalýðsforystan óttist að verkafólk haldi sjálft slíku vopni í sínum höndum. Um hlutverk öryggistrúnaðarmanna segir í vinnurétti:" Trúnaðarmaður þessi skal fylgjast með starfstilhögun í fyrirtækinu í samráði við atvinnurekendann og líta eftir að haldnar séu settar reglur um öryggisútbúnað og hollustuhætti, og skulu atvinnurekendur og verkstjórar þeirra ráðgast við trúnaðarmanninn um allt það sem snertir öryggi starfsmanna við vinnu og annan útbúnað. -Ef trúnaðarmaðurinn kvartar við atvinnurekendann eða verkstjóra um atriði sem varða öryggi starfsmanna við vinnu er skylt að tilkynna honum að hæfilegum tíma liðnum hvað gert verði í málinu. Þegar öryggiseftirlitismenn líta eftir viðkomandi fyrirtæki skulu þeir leita upplýsinga hjá trúnaðarmanni starfsmanna Þessir trúnaðarmenn njóta sömu verndar og trúnaðarmenn samkvæmt vinnulöggjöfinni, ..."(Vinnuréttur bls. 95) Það er því skýlaus réttur verkamanna að kjosa sér úr sínum hópi slíkann trúnaðarmann sinn og er sjálfsagt að þeir notfæri sér þann rétt til að styrkja stöðu sína gagnvart atvinnurekendanum og sjá, svo um að lögum um öryggisráðstafanir á vinnustöðum sé framfylgt. En við það má ekki sitja. Eins og áður er sagt er það samstaðan meðal verkafólksins sjálfs og árvekni þeirrar samstöðu sem er vænlegust til árangurs. Ef þessi samstaða er vanrækt kæmi öryggistrúnaðarmaður eða hvað annað sem vera skal að litlu haldi. Besta öryggiseftirlitið er sérhver verkamaður og verða þeir að axla þá ábyrgð að sjá svo um að lögum sé framfylgt og öryggi bætt bæði sjálfra þeirra vegna sem og vinnufélaganna. Ef þetta bregst munum við halda áfram að lifa í skugga spurningarinnar: Hver er næstur?



Öreigar og kúgaðar þjóðir heims sameinist!

# Stéttabaráttan



Útg: Kommúnistaflokkur Íslands m-l.
44. tbl. þriðjudaginn 21. nóv. 1978

STÉTTABARÁTTAN
-kemur út vikulega-
Sími: 27810.
Gíró: 27810-6.

Ábyrgðarm: Sigurður Ingi Andrésson.

Sigurður Jón Ólafsson
Óðinsgötu 17
101 R

## Nicaragua:
# Sómosastjórnin drottnar í krafti erlendrar aðstoð

Hart er barist í Nicaragua. Þegar svo hart er barist kemur að því að eitthvað verður undan að láta. Styrkur annars aðilans samanstendur af flug og landher ríkisins, 2000 manna sérþjálfuðu (af bandarískum sérfræðingum) þjóðvarðliði og vopnum sem banda ríkjastjórn hefur ríkulega veitt einræðistjórninni í Nicaragua. Þau vopn eru t.d. Sherman skriðdrekar, Staghound vélvæddir bílar, 15 þyrlur og 9 Cessna orustuflugvélar. Auk þess 5000 sjálfvirka riffla fengna frá Colt verksmiðjunum undir leiðsögn og vernd stjórnar Bandaríkjanna. Þeir eru af tegundinni M 16. Jafnvel án M 16 rifflanna, stæði stjórn Nicaragua nógu vel að vígi hvað sjálfvirk vopn snertir. Hún er vel byrg af Belgíuframleiddum Fæl rifflum og ísraelskum Uzis og Galit rifflum. Stjórnin á einnig von á nokkur þúsund Galit rifflum frá Ísrael mjög bráðlega.

Styrkur hins stríðandi aðilans er fólginn í samstöðu yfirgnæfandi meirihluta nicaraguönsku þjóðarinnar. Sandinistahreyfingin (The Sandinista Liberation Front) stendur fremst og harðast í baráttunni, en hefur að baki sér aðra stjórnarandstæðinga, pólitíska flokka, verkalýðsfélög og einstaklinga. Sandinistahreyfingin sækir hugmyndafræði sína að mestu frá Marx og Lenín, en það er langt frá því að svo sé um alla aðila samfylkingarinnar. Því er auðséð að beri andstæðingar Somosa sigur úr bítum, verða þeir að mynda með sér samsteypustjórn eða bráðabirgðastjórn sem samanstendur af mjög mismunandi pólitískum sjónarmiðum. Sandinistahreyfingin hefur lýst því yfir að hennar markmið með baráttunni gegn Somosa forseta sé ekki að koma á sósíalisma í Nicaragua, heldur að binda enda á þá kúgun og valdaníðslu sem fylkt hefur einveldinu. Hún ætlar að tryggja mannsæmandi lýðréttindi í landinu og sjálfstæði þess eftir eigin leiðum, sem henta við aðstæður í Nicaragua

### Barist í borgunum

Barist hefur verið í öllum helstu borgum Nicaragua og hefur orðið mikið mannfall. Stjórnarhermenn réðust inn í Leon næst stærstu borg landsins með 100.000 íbúa, en byltingarsinnar höfðu hana þá á valdi sínu. Eftir bardaga í tvo daga lágu meira en 1000 manns í valnum og stjórnarherinn hafði náð borginni á sitt vald. Í Nicaragua höfuðborginni heldur stjórnarherinn enn velli enda er þar aðsetur meginherafla stjórnarinnar, en þar er þó barist um byggingar og stræti. Byltingarsinnar náðu á vald sitt Ésteli, íbúafjöldi 30.000 og síðan hefur borgin verið undir stöðugum loftárásum og stórskotahríð

framhald á síðu 3

# Baráttuhreyfing 1.desember



30. mars 1949

Hér í Reykjavík starfar hreyfing sem kennir sig við 1. desember.

Hreyfingin hefur haldið nokkra liðsfundi og verður einn þeirra haldinn að Hótel Esju þann 23. þessa mán. kl. 20.30. Meðal annars sem hreyfingin hefur látið frá sér fara er bæklingur sem ber heitið "Ísland fullvalda 1918-1978". Kostar hann 500 kr. og er meðal annars til sölu í bókabúðinni Rauðu Stjörnunni Lindargötu 15. Bæklingur þessi hefur að geyma kafla úr ræðu Alberts Einarssonar á 1. des. í fyrra, erindi Þóru Sigurðardóttur frá liðsfundi þann 7. nóv. sl. og erindi Ingólfs Jóhannessonar frá liðsfundi 26. okt. sl. Auk þess er að finna fremst í bæklingnum nokkra punkta um starfsáætlanir og stjórnun eftir GS.

Grundvöllur hreyfingarinnar fellst í þessum vígorðum: Verjum sjálfræði Íslands. Gegn erlendri stóriðju. Ísland úr NATO-herinn burt. Gegn heimsvaldastefnu og stríðsundirbúningi risaveldanna Bandaríkjanna og Sovétríkjanna.

Bæklingurinn er mjög áhugaverður og dregur fram marga punkta sem vert er að gefa gaum þegar rætt er um sjálfstæði og fullveldi. Þó eru þar nokkur atriði sem ástæða er að setja spurningarmerki við. Til dæmis kemur eftirfarandi fyrir í annars ágætu erindi Þóru Sigurðardóttur:" En einnig ber okkur að gæta að almannavörnum hérlendis. Almannavarnir eru hér eingöngu miðaðar við náttúruhamfarir. Úr þessu verður að bæta". Þarna er hún að ræða um hvað við getum gert til að undirbúa okkur undir væntanlegt stríð. Þarna verðum við að gera okkur grein fyrir hvað Almannavarnir eru og hver skipuleggur þær. Hér eru til almannavarnir ríkisins sem eru í höndum borgarastéttarinnar. Áður í erindi sínu sagði Þóra:"Sagan sýnir að yfirstéttir hernumdra landa taka oft upp samstarf við hernámsliðið eða berjast við það máttlausri baráttu." Ef Þóra er að tala um vopnaðar al-

framhald á síðu 3

# Aðalfundur MAÍ

Aðalfundur Menningartengsla Íslands og Albaníu verður haldinn að Freyjugötu 27 laugardaginn 26/11 n.k. kl. 14.00.

Dagskrá:
1. Venjuleg aðalfundarstörf.
2. Framtíð félagsins.

Undanfarið hefur starfið verið með lélegasta móti og eru áhugamenn um tengsl landanna hvattir til að mæta á fundinn og leggja sitt af mörkum.

Stjórnin.




Palestínskt veggspjald.
Á því stendur: "Palestínumönnum bera líka mannréttindi".

# Opið bréf til íslenskra friðarsinna

Reykjavík 21.11.1978.

Á síðasta ári samþykkti allsherjaþing Sameinuðu þjóðanna að 29. nóvember skyldi verða helgaður stuðningi við palestínsku þjóðina og baráttu hennar fyrir því að fá að lifa frjáls í sínu eigin landi. Aðalstöðvar Sameinuðu þjóðanna hafa nú þess vegna sent út boð um það til allra skrifstofa sinna og ríkistjórna allra aðildarlandanna, að stofna til stuðningsaðgerða við palestínsku þjóðina 29. nóvember n.k. í samráði og samstarfi við palestínunefndir viðkomandi landa og fulltrúa PLO (Frelsishreyfingar palestínumanna) Þar sem þá er að finna. Einnig hefur PLO og palestínunefndir víðsvegar um heiminn ákveðið að taka fullan og virkan þátt í því að gera aðgerðirnar þennan dag sem víðtækastar og framvarasinnaðastar.

Íslenska palestínunefndin hefur þess vegna ákveðið að stofna til stuðningsfundar við palestínsku þjóðina í Félagsstofnun Stúdenta kl. 8.3o miðvikudaginn 29. nóvember. Á fundinum verða flutt stutt erindi m.a. um Camp David samkomulagið og fleira um það sem efst er á baugi í þessu máli í dag. Einnig mun verða upplestur úr verkum palestínskra listamanna og flutt baráttulög tengd frelsisbaráttu palestínsku þjóðarinnar. Íslenska palestínunefndin skorar á allt fólk að mæta á fundinn til að hlíða á það efni sem þar verður flutt og einnig að leggja þar fram spurningar sem því finnst ósvarað og fá svör við þeim.

Það er brýn nauðsyn til að efla til muna á Íslandi stuðning við palestínsku þjóðina og fræðslu um málefni hennar og baráttu fyrir friði og frelsi. Þær fréttir sem hérlendis hefur verið að fá um þetta efni hafa vægast sagt verið af skornum skammti og það litla sem borist hefur verið meira og minna ramgtúlkanir eða beinlínis lygaáróður um palestínsku þjóðina. Til þess að úr þessu megi ráðist og fræðsla og skilningur á málefnum palestínsku þjóðarinnar aukast, þarf að koma til stóraukið starf Palestínunefndarinnar á Íslandi. Þess vegna þarfnast Íslenska Palestínunefndin krafta allra þeirra sem vilja leggja eitthvað að mörkum, og það þýðir stór aukinn fjölda stuðningsmanna. Starfsgrundvöllur Íslensku Palestínunefndarer einfaldur og aðgengilegur öllum þeim sem óska sanns og raunverulegs friðar í löndunum fyrir botni Miðjarðarhafs. Komum því á fundinn í Félagsstofnun Stúdenta 29. nóvember kl. 20.3o og kynnum okkur baráttu palestínsku þjóðarinnar og starf íslensku Palestínunefndarinnar og tökum virkan þátt í því

f.h. íslensku Palestínunefndarinnar.
Ástvaldur Ástvaldsson.

# Fundur Palestínunefndarinnar

Þriðjudaginn 29/11 n.k. kl. 20.30 verður haldinn kynningarfundur um málefni Palestínu í Félagsstofnun Stúdenta. Þar gefst öllum tækifæri til að kynna sér baráttu palestínsku þjóðarinnar fyrir rétti sínum og einnig getur fólk skráð sig í íslensku Palestínunefndina sem berst fyrir því að kynna málstað Palestínuaraba á Íslandi.